

Fylgiskjal - framleiðniauki

Framleiðniauki

Á tímabili kjarasamnings getur komið til greiðslu launaauki byggður á þróun framleiðni. Aukist framleiðni umfram mörk í eftirfarandi töflu á samningstímanum mun koma til svokallaðs framleiðniauka, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.


Fyrsti skoðunarpunktur fer fram að árinu 2025 liðnu. Upphafsgildi vísitölu fyrir framleiðni er 100 á árinu 2023.

Vöxtur framleiðni samanstendur hvort tveggja af aukinni framleiðni vinnuafls og tækniþróun sem byggir á fjárfestingu. Mikilvægt er að áfram sé fjárhagslegur hvati til fjárfestinga. Framleiðniaukningin mun því að 70% renna til launafólks.

Framleiðnivöxtur 2025 og 2026	Framleiðniauki
> 2,0%	0,35%
> 2,5%	0,70%
> 3,0%	1,05%

Launa- og forsendunefnd ákvarðar framleiðniauka verði tilefni til greiðslu hans. Framleiðniauki er hlutfallslegur (%) og leggst á laun með sama hætti og almennar hlutfallshækkanir kjarasamninga gera. Komi upp ófyrirséðar aðstæður sem hafa neikvæð áhrif á atvinnulífið gæti launa- og forsendunefnd þurft að taka afstöðu til þess hvort eða hvernig aukinn komi til.

Ítarlegri tæknileg útfærsla með dæmum er hluti kjarasamningsins.



KJARASAMNINGAR 2024-2028

Framleiðniauki: Launaauki byggður á þróun framleiðni

Umsamdar launahækkanir taka mið af svigrúmi atvinnulífsins til launahækkana og samrýmast verðstöðugleika til lengri tíma.

Langtímaeðaltal framleiðnivaxtar:

1,5%



Aukist framleiðni meira en gert er ráð fyrir mun launafólk fá hlutdeild í þeirri verðmætaaukningu í formi sérstaks framleiðniauka

Framleiðniauki getur komið til:

**1. apríl
2026 og 2027**



Framleiðnivöxtur

Framleiðniauki

> 2,0%

+0,35%

> 2,5%

+0,70%

> 3,0%

+1,05%


Vaxi framleiðni um meira en 2% á árinu 2025 skal miða við þá tölu sem lægri er, framleiðnivöxt á árinu 2025 eða aukningu í framleiðni m.v. grunnárið 2023.

Við seinni skoðunarpunkt þarf vísitala framleiðni að hafa vaxið um a.m.k. 2% frá seinasta hápunkti til að framleiðniaukinn geti komið til og gildir þá sama regla.

Uppsafnaður hagvöxtur þarf jafnframt að vera jákvæður m.v. grunnárið 2023.



Forsenduákvæði: Viðmið um verðbólgu



Forsendur endurskoðunar 1. september 2025

- 12 mánaða verðbólga sé yfir 4,95% eins og hún mælist í ágúst 2025.
- Verðlagsforsendur teljast hafa staðist ef verðbólga á tímabilinu mars – ágúst 2025 er 4,7% eða lægri miðað við árs hraða.
- Stjórnvöld standi við gefin fyrirheit í yfirlýsingu ríkisstjórnar í tengslum við kjarasamninga.

Forsendur endurskoðunar 1. september 2026

- 12 mánaða verðbólga sé yfir 4,7% eins og hún mælist í ágúst 2026.
- Verðlagsforsendur teljast hafa staðist ef verðbólga á tímabilinu mars – ágúst 2026 er 4,4% eða lægri miðað við árs hraða.



Forsendunefnd: Styrkir forsendur og endurmetur



**Samtök
atvinnulífsins**



**Alþýðusamband
Íslands**

- Fylgjast með framvindu þátta í efnahagslífinu sem hafa áhrif á markmið samningsins
- Leggja formlegt **mat á forsendur** kjarasamningsins
- Semja um **viðbrögð við forsendubresti**
- Treysta forsendur** samningsins og stuðla að því að hann **haldi gildi sínu**



Formlegt mat fer fram í **september 2025** og **september 2026**